

\*\*\*\*\*

*Sínfóníuhljómsveit áhugamanna*

# TÓNLEIKAR

í Neskirkju  
laugardaginn 16. mars 2002  
kl. 17:00

Stjórnandi: Gunnsteinn Ólafsson  
Einleikari: Örn Magnússon

\*\*\*\*\*

Aðgangseyrir er kr. 1000, afsláttarverð kr. 500 fyrir nemendur og eldri borgara, frítt fyrir börn.

## EFNISSKRÁ:

**G. F. Händel:** Concerto grosso ópus 6, nr. 10.

(Einl. Hjörleifur Valsson, Ragnheiður E. Þorsteinsdóttir)

*Overture*

*Allegro*

*Air – Lento*

*Allegro*

*Allegro*

*Allegro moderato*

**W. A. Mozart:** Píanókoncert í G-dúr, K 453

*Allegro*

*Andante*

*Allegretto - Presto*

- HLÉ -

**J. Haydn:** Sinfónía nr. 83 í g-moll (Hænan)

*Allegro spiritoso*

*Andante*

*Menuet*

*Finale, vivace*

---

## HLJÓMSVEITIN KYNNIR:

**Örn Magnússon** er fæddur í Ólafsfirði árið 1959 og hlaut þar sína fyrstu tónlistarmenntun. Hann tók burtfararpróf frá Tónlistarskólanum á Akureyri og stundaði framhaldsnám í Manchester, Berlín og London. Örn hefur komið fram á fjölda tónleika, bæði sem einleikari og í kammertónlist. Hann hefur farið í tónleikaferðir um Japan og hefur leikið á tónleikum á Norðurlöndum, í Bretlandi og á meginlandi Evrópu. Örn hefur leikið inn á hljómdiska píanótónlist Jóns Leifs og einnig frumflutt og hljóðritað Svipmyndir Páls Ísólfssonar til útgáfu, auk verka yngri höfunda, íslenskra. Hljómdiskur Arnar og Finns Bjarnasonar söngvara með söngvum Jóns Leifs hlaut nýverið íslensku tónlistarverðlaunin.

**Gunnsteinn Ólafsson** stundaði nám í tónsmíðum við Franz Liszt-tónlistarakademíuna í Búdapest og í hljómsveitarstjórn og tónfræði við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi. Að loknu námi hélt hann til Ítalíu þar sem hann kynnti sér sérstaklega tónlist eftir Claudio Monteverdi og stóð síðan fyrir frumflutningi tveggja meginverka hans hér á landi: óperunni Orfeo og kirkjutónverkinu Maríuvesper. Gunnsteinn hefur víða komið við sem kór- og hljómsveitarstjóri hér á landi. Hann hefur margsinnis stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands, tekið þátt í óperuuppfærslum í Íslensku óperunni og

Þjóðleikhúsinu. Hann er stofnandi Kammerkórs Kópavogs. Á meðal þess sem kórinn hefur flutt er óperan Arthúr konungur eftir Henry Purcell. Gunnsteinn stjórnaði óperunni Orfeus og Evridís eftir Gluck í Salnum haustið 2000 og sviðsuppfærslu á Töfraflautu Mozarts í Íslensku óperunni haustið 2001.

## Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Hjörleifur Valsson

### 1. fiðla

Hjörleifur Valsson  
Helga Ragnheiður Óskarsdóttir  
Sigrún Andrésdóttir  
Katrín Árnadóttir  
Hrefna Katrín Guðmundsdóttir  
Anne Marie Steinheim  
Hrafnhildur Stefánsdóttir  
Ariel Pétursson

### 2. fiðla

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir  
Margrét Lára Jónsdóttir  
Hólmfríður Þorvaldsdóttir  
Erna Másdóttir  
María Stefanía Dalberg  
Yukiko Koshizuka  
Sólrún Gunnarsdóttir

### Víóla

Þórarinn Már Baldursson  
Sturla Tryggvason  
Þórunn Harðardóttir  
Anna Hugadóttir  
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir

### Selló

Páll Einarsson  
Sverrir Teitsson  
Anna Jórunn Stefánsdóttir

### Kontrabassi

Gunnlaugur Stefánsson  
Leifur Benediktsson

### Flauta

Petrea Óskarsdóttir

### Óbó

Sverrir Guðmundsson  
Guðrún Másdóttir

### Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir  
Hróbjartur Örn Guðmundsson

### Horn

Ella Vala Ármannsdóttir  
Sturlaugur Jón Björnsson

Hljómsveitin hefur vefsíðu þar sem finna má upplýsingar um sveitina, félagatal, verkefnalista, myndir og fleira fróðlegt. Vefslóðin er <http://sinfonia.islandssimi.is>

## UM HÖFUNDA OG VERK:

**GEORG FRIEDRICH HÄNDEL (1685-1759)** hélt ungur frá Þýskalandi til Ítalíu að nema við fótskör þarlandra meistara. Corelli var merkasta tónskáld Ítala um þær mundir. Sjötta verk þess snillings (opus 6) var röð tólf konserta fyrir strengjasveit sem nefndust hver um sig concerto grosso eða þykkur konsert. Þar á meðal var Jólakonsertinn svonefndi. Einkenni concerto grosso var að þrjú hljóðfæraleikarar mynduðu einleikarsveit innan strengjasveitarinnar. Þegar kom að opus sex hjá Händel lá beinast við að líkja eftir Corelli og semja tólf væna konserta. Konsertar Corellis eru í raun barokksvítur, eða röð dansa, í hinum nýja ítalska stíl. Í Concerto grosso

nr. 10 í d-moll leitar Händel til barokksvítunnar í þremur þáttum af fimm. Fyrsti þáttur er forleikur í frönskum stíl: hægur, hraður, hægur. Annar þáttur er hæg sarabanda, þá taka við tveir hraðir kaflar í konsertstíl og lokapátturinn er þrúðmannlegt gavott.

**PÍANÓKONSERT MOZARTS Í G-DÚR, KV 453**, er síðastur í röð fjögurra konserta sem hann samdi á tveimur mánuðum vorið 1784. Konsertinn samdi Mozart fyrir efnilegan píanómamanda, Babette Ployer að nafni. Verkið var frumflutt heima hjá henni við undirleik hljómsveitar sem fjölskyldan tók á leigu. Mozart notar óvenju mörg blásturshljóðfæri í verkinu og beitir þeim óspart. Best njóta þau sín í öðrum þætti þar sem þau skiptast á um að leika stefið á móti píanóinu. Fyrsti þáttur er í sönötuforni: bæði meginstef þáttarins eru kynnt af hljómsveitinni í upphafi og síðan tekur píanóið við. Lokapátturinn er stef með tilbrigðum. Stefið er tvískipt og er hvor hluti um sig jafnan endurtekinn, ýmist alveg eins eða í breyttri útsetningu. Í upphafi kynnir hljómsveitin stefið og síðan leikur píanóið fyrsta tilbrigðið. Blásarar kynna annað tilbrigði og strengir endurtaka. Óbóið byrjar það þriðja og píanóið endurtekur. Fjórða tilbrigðið er í dapurlegum moll en hið fimmta í fjörmiklum dúr með miklum hljómi í strengjum. Loks lýkur þættinum með hermannlegum finale-kafla.

Sturm und Drang (kraftur og þrá) var stefna í þýskum bókmenntum á síðari hluta 18. aldar. Hún var undanfari rómantísku stefnunnar og borin fram af ungum höfundum, svo sem Göthe og Schiller. Kjarni stefnunnar var frelsi höfunda til þess að lúta hugarflugi sínu og andagift. Óbeisluð tilfinning Sturm und Drang gekk einnig ljósum logum í tónverkum þess tíma, svo sem í **PARÍSARSINFÓNÍUM JOSEPHS HAYDNS (1732-1809)**. Tónskáldinu var boðið til höfuðborgar Frakklands og hafði sex ný hljómsveitarverk í farteskinu. Sinfóníurnar slógu í gegn; sumar fengu viðurnefni sem þær bera enn þann dag í dag: Björninn, Drottningin og Kraftaverkið. Í fyrsta þætti sinfóníu í g-moll gaggar óbóið hátt og snjallt og sinfónían var umsvifalaust kölluð Hænan, La Poule. Hún er í fjórum þáttum: fyrsti þáttur er hraður í anda Sturm und Drang, annar þáttur hægur og fallegur, þriðji þáttur menúett í sveitastíl og loks er hringnum lokað með hröðu gigue, en lokapáttur barokksvítunnar var einnig jafnan gigue.

---

Hljómsveitin þakkar Reykjavíkurborg, Neskirkju, og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.